

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 29. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0064
SS/IAS

Efni: Kvíslatunguvirkjun, umsögn um matsáætlun.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 30. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna Kvíslatunguvirkjunar.

Orkubú Vestfjarða ehf. áformar að reisa allt að 9,9 MW virkjun í Selárdal í Strandabyggð, svokallaða Kvíslatunguvirkjun. Virkjunin fellur því rétt utan stærðarviðmiða fyrir vatnsaflsvirkjanir sem falla undir ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Inntaks- og miðlunarlón verða á suðaustanverðri Ófeigsfjarðarheiði sem og veituskurðir en önnur mannvirki svo sem pípur og vegir liggja einnig niður í Selárdal þar sem stöðvarhús verður staðsett. Um umfangsmikla framkvæmd er að ræða á að mestu ósnortnu svæði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til skipulagsfulltrúa Strandabyggðar um skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 og gerð deiliskipulags fyrir Kvíslatunguvirkjun þann 15. maí 2023.

Í þeirri umsögn kom fram að framkvæmdasvæðið væri innan stærsta samfellda óbyggða víðernis Vestfjarða sem mun skerðast ef af virkjunarframkvæmdum verður. Þá benti Náttúrufræðistofnun á í umsögninni að jarðfræði svæðisins, bæði berggrunnur og laus jarðlög, væru illa þekkt og að nákvæm jarðfræðikort skorti. Því væri ekki vitað hvort merkar jarðminjar finnist á svæðinu og bent var á að þekktir fundarstaðir steingervinga eru í nágrenninu. Mikilvægt væri að rannsaka jarðminjar á svæðinu í umhverfismati framkvæmdarinnar.

Í umsögninni kom fram að vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar af framkvæmdasvæðinu væri ekki án skekkju og að nauðsynlegt væri að taka út gróðurfar betur í umhverfismati, ekki síst því votlendisfleckir væru á framkvæmdasvæðinu sem þyrfti að kortleggja nákvæmar vegna verndargildis. Það ætti við um heiðasvæðið þar sem inntaks- og miðlunarlón eru áformuð en mesta gróðurþekjan er í hlíðinni niður í Selárdal, þar sem mólendi með hátt verndargildi væri einnig að finna sem og kjarrlendi.

Þá var bent á mikilvægi þess að kanna fuglalíf á framkvæmdasvæðinu þar sem það væri lítið þekkt.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu nægjanlega gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og þeim rannsóknum sem þarf að gera en stefnt er að frekari athugunum á jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi svæðisins sem er í takt við ábendingar Náttúrufræðistofnunar í umsögn sinni um skipulagslýsinguna. Einnig verður gerð athugun á vatnalífi í straum- og stöðuvötnum á áhrifasvæði virkjunarinnar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áformaðar rannsóknir eða aðferðafræði þeirra nema að ekki liggur alveg fyrir



hver fjöldi mælipunkta fyrir fuglatalningar er né fjöldi sýnatökustaða fyrir vatnalífsathuganir og því erfitt að meta hvort áformaðar athuganir verði fullnægjandi. Ljóst er að með athugununum muni þekking á helstu umhverfisþáttum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar batna til muna.

Þá verður unnið mat á áhrifum á landslag og ásýnd og metið hver skerðing á óbyggðu víðerni verður. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru áhrif á óbyggð víðerni líklegust til að veða hvað þyngst vegna staðsetningar framkvæmdasvæðisins og mikilvægt að vandað sé til áhrifamatsins og eins og stefnt er að, að lagt sé mat á samlegðaráhrif ólíkra virkjanaáforma á óbyggð víðerni á Ófeigsfjarðarheiði.

Tekið er undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 28. júní 2023 varðandi samræmi umhverfismatsins við markmið og regluverk laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og mikilvægi þess að metið sé hver áhrif virkjunarinnar verða á gæði þeirra vatnshlota sem verða fyrir áhrifum sem allra fyrst í umhverfismatsferlinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

